

Foreldraráð Leikskóli Seltjarnarnes

Fundur foreldraráðs Leikskóla Seltjarnarness. Fimmtudaginn 7.október 2014 kl. 08:20.

Mættir voru Soffía Guðmundsdóttir, Haukur Hauksson og Saga Ómarsdóttir.

Tekin var fyrir beiðni frá Íþróttafélagi Gróttu um samstarf þess og Leikskóla Seltjarnarness varðandi íþróttaiðkun elstu barna leikskólans á leikskólatíma.

Fyrsta beiðnin barst frá Fimleikadeild Gróttu. Soffía svaraði þeim með nokkrum athugasemdum. Seinni fyrirspurnin barst frá Knattspyrnudeild Gróttu og snýr að knattspyrnuíðkun stúlkna.

Soffía var búin að tala við Baldur Pálsson fræðslustjóra sem kom á framfæri nokkrum atriðum sem þurfa að vera skýr áður en samstarf hefst.

Meðal þeirra er:

Fulltrúi frá Gróttu sér um að sækja og skila börnunum aftur í leikskólann. Foreldrar þurfa að skrifa undir samþykki varðandi þessa tilhögun.

Knattspyrnudeild var búin að finna tíma en það er á föstudögum kl. 12:30. Gróttu (Magnús Örn Helgason sendir fyrirkomulag til foreldra í gegnum leikskólann.

Foreldraráð samþykkir þetta fyrirkomulag til tilraunar fram að áramótum.

Fundi slitið 8:50

Fundargerð ritaði Saga Ómarsdóttir